

Nd.

263. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 53, 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefir eigi orðið á eitt sátt um málið. Meiri hluti vill samþ. frv., en minni hl. fella það. Frv. er samhljóða frv. því, er lagt var fyrir Nd. Alþingis í fyrra og felt þar samkv. tillögu minni hluta sjávarútvegsnefndar, er meðal annars færði þessi rök fyrir máli sínu:

»Það er alkunna, að útgerðin stendur nú svo höllum fæti, að mjög varhugavert verður að teljast að leggja á hana nýja bagga. Minni hlutinn telur líklegt, að hvíld sú, er sjómenn nú hafa, sje það mikil, að ekki sje þess að vænta, að af aukinni hvíld leiði meiri vinnu á sama tíma. Það yrði því óhjákvæmileg

afleiðing af lögfestingu 8 stunda minstrar hvíldar, að sjómenn yrðu sjálfir að greiða hina auknu hvíld með lækkun kaupans, en það telur minni hlutinn óvíst og jafnvel ólíklegt, að sjómenn vilji.

Það er ekki upplýst í málinu, að sjómenn þarfnist þess hvíldarauka, sem nú er farið fram á. Atvinnurekstri þeim, er hjer ræðir um, er venjulega þannig hagað, að stundaðar eru saltfisksveiðar um 3 mánuði ársins, en isfisksveiðar 6—7 mánuði, og eru saltfisksveiðarnar aðalannirnar og hvíld sjómanna venjulega minst þá mánuðina. En þó er það svo, að jafnvel þennan annatíma njóta sjómenn miklu lengri hvíldar en 6 tíma á sólarhring að meðaltali, því auk þeirrar hvíldar í hverri veiðiför, er þeir fá meðan skipin sigla í og úr höfn — en til þess fara 20 tímar til 3 sólarhringar — eiga sjómenn algert frí meðan skipin eru affermd og fermd. Og loks er þess að geta, sem mestu varðar, að undantekningarlítið njóta sjómenn mikillar hvíldar á annatímanum fyrir það, að veiði verður eigi stunduð sakir óveðurs. Þessu til sönnunar skal á það bent, að verði veiði stunduð samfleytt á vertíð, varir veiðiförin aðeins 5—6 daga, en svo miklar eru frátafir, að venjan er sú, að sjaldnast koma skipin tíðar í höfn en á 10—16 daga fresti.

Um þann tíma ársins, sem isfisksveiðar eru stundaðar, er óþarft að fjölgrða. Veiðiförin, að meðtaldri siglingu milli landa, varir venjulega 4 vikur. Aflist vel, er hægt að fylla skipin á 4 dögum, þótt hitt sje tíðast, að sakir gæftaleysis og aflatregðu gangi til þess 10—14 dagar, en nokkru lengri timi til siglinga og dvalar í höfnunum. Menn geta því fyllilega treyst því, að sjómönnum verði ekki ofboðið með vinnu þennan tíma ársins, enda mun tæplega nokkur manna þeirra, er hlut eiga að máli, halda því fram.

Til frekari skýringar skal þess getið, að það er venja, að meðan skipin sigla milli landa, fái nokkur hluti háseta landvistarleyfi, en halda þó fullu kaupi.

Minni hlutinn viðurkennir fyllilega óvenjulegt atgervi íslenskra sjómanna, en hver og einn, sem sjeð hefir þann hóp, getur gengið úr skugga um, að mönnum þessum hefir til þessa ekki verið *ofboðið* með vinnunni, enda þótt enginn gangi þess dulinn, að oft er vinna þeirra óvenjulega löng og ströng.

Síðan í fyrra hafa hvorki komið fram nýjar upplýsingar í málinu nje aðstaðan til þess breyst, og getur því minni hlutinn gert framanskráð rök að sínum, en vill bæta þessu við:

Á hotnvörpungunum vinna nú alt að 32 menn, er lög þessi ná til. Verði daglegur vinnutími stýltur um 2 tíma, nemur það alt að 64 vinnutímum á dag, er jafngilda mundi 4 manna vinnu. Ef nú hægt væri að fjölga mönnum á skipunum, svo að jafnmargir gengju að verki þegar afli berst að og nú er, mundi kostnaður sá, er af hvíldaraukanum leiðir á vertíð, nema um 1200 kr. á mánuði á hvert hinna stærri skipa. Eru gjöld þau allþungbær, en hitt þó verra, að sakir rúmleysis er ómögulegt að fjölga mönnum á skipunum frá því, sem nú er, en af því leiðir *aflatjón*, er *ætla má að nemi tvöföldu til þreföldu manna kaupinu*. Því vitaskuld eru ýmsir meginútgjaldaliðir útgerðarinnar óháðir aflatjögdum.

Hjer er því um að ræða talsvert hagsmunamál útgerðarinnar, og er þess að vænta, að bændur bindi henni ekki bagga að nauðsynjalausu. En það skal fullyrt, að um nauðsyn hvíldaraukans er að minsta kosti alt ósannað.

Minni hl. og enda sumir af meiri hl. hafa fengið þrenskonar svör hjá þeim, er við lögin hafa búið:

- a. Hvíldaraukinn er hvorki nauðsynlegur nje æskilegur. Við viljum ekki missa nokkurn hluta aukapóknunarinnar vegna skifta i fleiri staði að nauðsynjalaus.
- b. Hvíldaraukinn er að vísu ekki nauðsynlegur, en æskilegur.
- c. Hann er nauðsynlegur.

Slík ummæli sanna ekki nauðsynina. Frekar hið gagnstæða. Eða mundi ekki innan allra stjetta fjölmennur hópur, sem teldi stytting vinnutímans ýmist æskilegan eða nauðsynlegan?

Sje leitað umsagnar þess aðilja, sem best ætti að vera dómbær og minsta freistingu að hafa til hlutdrægni — skipstjóra —, er svarið altaf eitt: Lögboðinn hvíldarauki er óþarfur.

Hitt er ekki nema eðlilegt, að þeir, sem bæði hafa áhuga fyrir og framfæri af því að halda á lofti kröfum sjómanna, þurfi að sýna uppskeru og vilji því gjarnan láta lögfesta ýmislegt, sem meiri hluti skjólstaðinganna telur ýmist æskilegt eða nauðsynlegt. En löggjafanum er sist ofraun að skilja, að valt er að treysta staðhæfingum þeirra, sem hvorki vinna verkið nje greiða fyrir það, en eiga þó sjerhagsmuna að gæta.

Áður en 6 tíma hvíldin var lögfest, var hún upp tekin og þótti vel gefast. Þá ljettu hygnir skipstjórar dóm reynslunnar marka stefnuna, og svo mun enn verða. Ef 8 tíma hvíldin er nauðsynleg, verður hún tekin upp án lögboðs.

Þótt undarlegt megi virðast, verður vart þess misskilnings, að lögfesting 6 tíma minstu hvíldar lögbjóði um leið 18 stunda daglega vinnu. Þetta er auðvitað alrangt, enda eru það aðeins fáir dagar ársins, sem vinnan er 18 tímar. Um hitt væri óhugsandi, að deilt væri, hvort sá, er til þessa hefði daglega unnið 18 tíma, skyldi nú lögverndaður gegn meir en 16 tíma vinnu, og mundi enginn sá, er teldi slíkan vinnutíma við almenningshæfi.

Fyrir Alþingi liggja nú ýms tekjuaukafrv. Flest koma þau að mestu niður á sjávarútveginum. En því fremur ætti löggjafinn að gjalda varhuga við að íþyngja sjávarútveginum að óþörfu.

Alþingi, 21. febr. 1928.

Ólafur Thors, Jóhann P. Jósefsson.
frsm.